

STOFNANASAMNINGUR

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Iðjubjálfafélags Íslands (IÞÍ) og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) um forsendur röðunar starfa iðjubjálfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Iðjubjálfafélags Íslands hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra iðjubjálfa sem starfa við HSN og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Iðjubjálfafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og tekur tillit til ákvæða Gerðardóms dags 14. ágúst 2015.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum stofnunar, hvetji til árangurs og að starfsfólk geti aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsfólk sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunar og verði starfsfólki hvatning til markvissari vinnu og skilvirkni.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynjanna. Kynin njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.
- Að leitast verði við að umbuna starfsfólki sérstaklega t.d. með því að tengja tilteknar launagreiðslur árangri í starfi.

3. Grunnröðun starfa

3.1. Almennar forsendur röðunar

Samningur þessi nær til ákveðinna starfaflokka sem eru skilgreindir og raðað í launaflokka. Tekið er mið af því að til að öðlast starfsréttindi sem iðjubjálfi þarf 60 ECTS eininga diplómanám á meistarastigi til viðbótar við 180 ECTS einingar til BS gráðu í iðjubjálfunarfræði, samtals 240 ECTS einingar. Starf iðjubjálfa raðast því einum launaflokki hærra, að lágmarki en störf sem einungis krefjast grunnmenntunar (BS/BA). Ef grunnkrafa starfsins, samkvæmt starfslýsingu er meistaraþróf þá raðast starfið að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en grunnmenntun og við doktorsþróf þremur launaflokkum hærra. Í skilgreiningum á störfum iðjubjálfa er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og starfsþróun. Í lýsingum á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfaflokki.

3.2. Starfaflokkar og lágmarksröðun

Við lágmarksröðun í launaflokka hefur verið gert ráð fyrir viðbótarnámi ofan á grunnmenntun, það er 60 ECTS einingum til starfsréttinda iðjuþjálfara.

3.3. Starfaflokkun og grunnröðun sbr. Fylgiskjal I:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launaflokkur</u>
Iðjuþjálfari A (0-2 ár)	09
Iðjuþjálfari B (2-5 ár)	10
Iðjuþjálfari C / Verkefnastjóri	11

4. Persónubundnir þættir

Álagsþrep og launaflokkar fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti eru menntun, reynsla, sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi sem ekki er metin við grunnröðun starfsins. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingu á starfssviði viðkomandi starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi. Hafi starfsmaður áunnið sér fleiri en 8 álagsþrep færist hann í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

4.1. Klínísk námskeið og fagráðstefnur. Hverjar 120 kennslustundir í viðurkenndum námskeiðum og/eða fagráðstefnum gefa 1 þrep, að hámarki 2 þrep.

4.2. Viðbótarmenntun

Iðjuþjálfari sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómanám 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómanám 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf 90-120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	3 launaflokkar

Hafi starfsmaður tekið próf sem lýkur með löggildingu eða aflað sér tiltekinna réttinda, leyfi eða vottunar sem nýtist í starfi og er á fagsviði hans má meta það til a.m.k. eins launþreps.

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum komi til frádráttar. Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 4 þrep, til viðbótar við röðun starfs fyrir diplóma- og meistaránám en 3 launaflokka fyrir doktorspróf.

5. Tímabundnir þættir

Heimilt er að greiða tímabundið sérstaka umbun, fjárhæð umfram föst mánaðarlaun, vegna tímabundinna þátta svo sem aukins álags. Umbunin greiðist jafn lengi en ekki lengur en áhrif umræddra tímabundinna þátta vara, að hámarki 12 mánuðir. Tímabundið álag má greiða með því að bæta við launaflokkum, þrepum, með eingreiðslu að loknu verki eða tiltekinni upphæð á mánuði.

- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrræða.
- Tekur þátt í tímabundnu verkefni að beiðni framkvæmdastjórnar.
- Stafsmáður stýrir tímabundnu samstarfi/teymisvinnu innan HSN og/eða með stofnunum utan HSN.
- Stýrir fastanefnd/fagráði hjá HSN að beiðni framkvæmdastjórnar.

6. Starfsmannasamtal

Árlega skulu yfirmenn bjóða undirmönnum sínum starfsmannasamtal. Þar gefst aðilum kostur á að ræða frammistöðu, starfsþróun, verkefnastöðu, starfsánægju, samskipti, aðbúnað, starfslýsingu og stjórnun.

7. Launaviðtal

Iðjubjálfi getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári til að ræða launasetningu sína og kjör. Viðtalið skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að óskin hefur verið borin fram eða eftir nánara samkomulagið. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 8. gr. þessa stofnanasamnings.

8. Samstarfsnefnd og ágreiningsmál

Telji iðjubjálfi að starfi hans og persónubundnum þáttum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings og yfirlýstrar stefnu stofnunarinnar hvað varðar fræðslu-, jafnréttis- og mannauðsmál. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11 í kjarasamningi IPÍ og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. mars 2022 og skal endurskoðaður eigi síðar en 31. mars 2024.

29. mars 2022.

Samningur þessi er undirritaður rafrænt, sjá öftustu síðu.

Bókun 1

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra iðjuþjálfa á starfsstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 18. apríl 2022.

Fylgiskjal 1 - Starfaflokkun

Iðjubjálfi A:

Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki. Skal eiga kost á handleiðslu frá reyndari iðjubjálfa innan eða utan stofnunar.

Iðjubjálfi B:

Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útteilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að iðjubjálfi uppfylli þessi skilyrði eftir 2 ár í starfi frá útskrift.

Iðjubjálfi C / Verkefnastjóri:

Reyndur iðjubjálfi á sínu sérsviði. Hefur alla jafna að lágmarki 5 ára starfsreynslu í faginu. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi, vinnur að gerð gæðaskjala og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu stofnunarinnar. Tekur þátt í teymisvinnu. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra.

Röðun starfa í launaflokka er lágmarksröðun.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slíkt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

Kafli 4.2

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum hækkar um 1 þrep. Námið þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum hækkar um 2 þrep. Hækkunir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.2 ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Námið þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Meistarapróf – starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækkar sem nemur 4 þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Hækkunir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.2 ber að meta svo, að launaflokkar og þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Kafli 4.2 telst sjálfstæður og getur mest veitt 4 þrepa hækkingu á grunnröðun.

Framkvæmd

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Afrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlesturum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.
- Endurmat á nýrri launasetningu tekur gildi næstu mánaðarmótum eftir að námsgögnum hefur verið skilað inn og móttækin af yfirmanni.

Undirritunarsíða

Mannauðsstjóri HSN
Bryndís Lilja Hallsdóttir

Framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða
Þórhallur Harðarson

Framkvæmdastjóri hjúkrunar
Guðný Friðriksdóttir

Forstjóri HSN
Jón Helgi Björnsson

F.h. Iðjupjálfafélags Íslands
Þóra Leósdóttir

F.h. Iðjupjálfafélags Íslands
Erna Kristín Sigmundsdóttir

F.h. Iðjupjálfafélags Íslands
Deborah Júlía Robinson